

STRÖNDUNGUR

21. október 2014 ★ 10. tbl. 2. árg.



Frá skrifstofu sveitarfélagsins

Næsti viðtalstími sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 22. október kl. 17:00-19:00 og að þessu sinni munu Valtýr, Guðfinna og Halldór vera á staðnum.

Skrifstofa sveitarfélagsins er flutt í gömlu skólastjóraíbúðina við Valsárskóla og hefur fengið nýtt símanúmer sem er 464-5500 gamla númerið mun þó vera virkt áfram í nokkurn tíma.

Umhverfis- og atvinnuálanefnd hefur tekið í notkun netfangið umhverfisnefnd@svabardsstrond.is og geta íbúar sent ábendingar og fyrirspurnir beint á nefndina.

Kirkjan

Fimmtudaginn 23. október kl. 17-18.30 verður samvera í Svalbarðskirkju fyrir 10-12 ára börn (TTT) í Svalbarðssókn. Margt fróðlegt og skemmtilegt verður á dagskrá og kirkjudjús og kirkjukex í samverulok. Verið velkomin!

Orgeltónar verða í Svalbarðskirkju 23. október kl. 20.00. Petra Björk Pálsdóttir leikur ljúfa tóna á orgelið. Orð og bæn sem klerkur flytur. Notaleg kyrrðarstund! Verið velkomin!

Sameiginleg kvöldguðsþjónusta með Laufáss- og Grenivíkursókn í Laufáskirkju sunnudagskvöldið 2. nóvember kl. 20.00. Allt á ljúfu nótunum. Baldvin Kr. Baldvinsson Torfunesi syngur einsöng. Kirkjukórar syngja undir stjórn Petru Bjarkar Pálsdóttur. Verið velkomin!

Æskan

Vetrarstarf Æskunnar er hafið! Laugardagsmorgnar kl. 11 og skák á mánudögum frá 13:40. Minnum á heimasíðuna: aeskan.umse.is

Kvenfélagið

Ágætu sveitungar.

Nú er starf kvenfélagsins farið af stað. Það verða fundir hjá okkur annan mánu-
dag í mánuði. Í vetur ætlum við að leggja áherslu á hreyfingu og heilsu. Nýir
félagar velkomnir og ef þú vilt slást í hópinn er best er að hafa samband við
Hönnu, Bergþóru eða Fjólu, til að fá upplýsingar um fundarstað, því hann
getur orðið um allan Eyjafjörð og trúlegt að það þurfi hreinlega að elta okkur
uppi í vetur.

Markaður

Okkar árlegi markaður verður laugardaginn 15. nóvenber 2014 í Valsárskóla.
Nú er um að gera að keppast við að framleiða eitthvað fallett og/eða nyt-
samlegt á markaðinn. Einnig er kjörið að losa sig við eitt og annað sem maður
er hættur að nota en gæti nýst öðrum. Nánar auglýst síðar.

Kvenfélag Svalbarðsstrandar

Björgunarsveitin Týr

Björgunarsveitin Týr hefur hafið umboðssölu á Belcando hunda-
fóðri.



Þetta er hágæða hundafóður frá Þýskalandi sem dýralæknar mæla
með og er meðal annars einnig selt í Dýrey á Akureyri. Allir leitarhundar
björgunarsveitarinnar eru á þessu fóðri.

Með kaupum á hundafóðri hjá okkur styrkir þú björgunarsveitina og færð
einnig besta fóðrið fyrir besta vinninn.

Peir sem hafa áhuga á að skoða þetta fóður, geta haft samband og við komum
til ykkar með bækling á íslensku og fríar prufur fyrir hundinn. Þá er gott að láta
fylgja með stærð hunds og hreyfipörf.

Allar frekari upplýsingar gefa Aðalsteinn s: 848 7358 og Þorgils s: 896 3247.
Einnig er hægt að hafa samband í tölvupósti á tyr@internet.is eða á Facebook
Týr hundaogkattafóður Eyjafirði.

Álfaborg

Lífið í Álfaborg gengur vel, vetrarstarfið er komið á fullt skrið og nóg að gera. Verið er að vinna í gerð nýrrar námskrár fyrir leikskólann og fá foreldrar fljótlega send drög. Þótt starfsfólk leikskólans vinni þessa námskrá að mestu þá eiga foreldrar og börn að fá tækifæri til að segja sínar skoðanir og koma með tillögur.



Haustfundur foreldrafélagsins er þriðjudaginn 21. október kl. 20.00 og verður þá farið yfir starf leikskólans og hvað framundan er.

Okkur hér í Álfaborg sárvantar góða manneskju sem vill koma hingað í afleysingar. Þetta starf er reyndar mjög ófyrirsjáanlegt, misjafnt hver þörfin er. Ef einhver hér í sveitarfélaginu vill vera svo elskulegur þá endilega látið vita af ykkur.

Bestu haustkveðjur frá Álfaborg

Valsárskóli

Kaffihúsakvöld verður haldið í Valsárskóla fimmtudaginn 23. október klukkan 20:00. Kaffihúsakvöldið hefst með félagsvist og eftir hana verður til sölu kaffi og heimabakaðar kökur.



Mætum öll, gleðjumst og styðjum krakkana í fjáröfluninni.

Fyrstu vikuna í nóvember munu nemendur 8.-10. bekkjar Valsárskóla ganga í hús í sveitarfélaginu og safna dósum. Þá mun einnig verða tekið við pöntunum frá þeim sem vilja styrkja krakkana með því að kaupa fisk.

Með kveðju og kærri þökk fyrir stuðninginn á liðnum árum.

Nemendaráð Valsárskóla

Frá ferðasjóði 8.-10. bekk Valsárskóla

Jóna Valdís Reynisdóttir í Laugartúni 11 hefur tekið við sölu á wc-rúllum og eldhúsrúllum fyrir ferðasjóð 8.-10. bekkjar í Valsárskóla. Ferðasjóður hefur til sölu 48 wc-rúllur á 6.500 kr. og 15 eldhúsrúllur á 3.500 kr. Hafá má samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Næstu rusladagar

23. október - Endurvinnsla
30. október - Almennit sorp
13. nóvember - Almennit sorp

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Litið um öxl

Frétt sem birtist í Degi 13. nóvember 1965

Endurbæta samkomu og skólahús

UTAN FRÁ Svalbarðsströnd berast þær fréttir, að þar sé nú kappsamlega unnið að því að klæða innan samkomusal í húsi því, sem bæði er þinghús sveitarinnar, skólahús og samkomuhús. Þetta er einkum frásagnarvert vegna þess, að unnið er í sjálfboðavinnu, í stað þess að vinna eftir uppmælingu, eins og oftast tíðkast á síðustu tímum. Ungmennafélagið Æskan stendur fyrir þessum framkvæmdum og Jónas Halldórsson frá Sveinbjarnargerði stjórnar viðgerðinni.

Á Svalbarðsströnd er búið að ákveða að byggja heimangöngu skóla fyrir börn, og vonast menn til, að sú framkvæmd fái náð fyrir augum fjárveitingavaldsins nú í vetur. Skólahúsinu hefur verið valinn staður í landi Meðalheims, á flöt einni nálægt sundlauginni og vestan núverandi þinghúss.

Félagsheimilisbyggingu mun hafa verið skotið á frest þótt betur hlýða, að sjá skólanum fyrir góðu húsnæði áður en fullnægt yrði þörfum skemmtanalífsins.

Dagur, 84. tbl. (13.11.1965), bls. 2
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2657225

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 18. nóvember.

Sendi áminningu um skil á efni mánaðarlega á póstlista.

Láttu mig vita ef þú vilt fá áminningu í tölvupósti sandra.einars@gmail.com